

Sveitarfélagið Bláskógabyggð
Reykholti
806 Selfossi

Garðabær, 10. júní 2025
202505-0063/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015–2027 - Fell

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar dags. 15. maí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015–2027 vegna breytinga á landnotkun í landi Fells og Engjaholts.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felur í sér að hluti lands sem áður var skilgreint sem landbúnaðarsvæði verði breytt í annars vegar frístundabyggð og hins vegar verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagssvæðið er samtals 16,3 ha og skiptist í tvo hluta:

- 2,4 ha svæði norðan Biskupstungnabrautar fyrir frístundabyggð (allt að tvær lóðir)
- 13,9 ha svæði sunnan Biskupstungnabrautar fyrir verslun og þjónustu

Á verslunarsvæðinu er gert ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi í ferðaþjónustu. Þar á meðal eru:

- hótabygging með allt að 200 gistirýmum,
- allt að 100 lítil gistihús til útleigu (25–40 m² hvert),
- þjónustuhús, veitingaaðstaða og verslunarhúsnæði.

Gert er ráð fyrir aðkoma að svæðinu verði frá Bræðratunguvegi (nr. 359). Neyslu- og heitt vatn verði sótt í vatnsveitu sveitarfélagsins og mögulega með borun. Fráveita verði leyst með rotþró og siturlögn.

Samantekt

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að við mótun skipulagstillögunnar verði eftirfarandi atriði sérstaklega skoðuð:

- Svæðið er hluti af mikilvægu fuglasvæði þar sem vernd tegunda á borð við spóa og lóupræl krefst sérstakrar athygli. Nauðsynlegt er að skrá vistgerðir og tryggja að framkvæmdir fari utan varptíma.
- Sveitarfélagið þarf, í skipulagsáætlunum, að gera grein fyrir stefnu um vernd og endurheimt búsvæða fugla og líffræðilegs fjölbreytileika og hvernig brugðist verði við rýrnun á búsvæðum mófugla og fækkun þeirra á láglendi.
- Áhrif framkvæmda á bakkagróður og lífríki Tungufljóts þurfa að vera ljós áður en skipulag verður samþykkt.
- Fráveitulausn og staðsetning mannvirkja þarf að útfæra með hliðsjón af vatnsvernd og jarðraski.
- Sjónræn áhrif byggðar verði metin í samræmi við 69. gr. náttúruverndarlaga og mannvirki staðsett með tilliti til halla og landmótunar.

Stofnunin telur að unnt sé að vinna áfram með skipulagsáformin, að því gefnu að framangreind atriði verði metin heildstætt og tekið tillit til náttúruverndarsjónarmiða.

Náttúra, gróðurfar og fuglalíf

Í greinargerð er ekki mikið fjallað um fuglalíf á svæðinu og áhrif tillögunnar á það. Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Skipulagssvæðið liggur innan mikilvægs fuglasvæðis, svokallaðs Suðurlandsundirlendis (VOT-S 3¹), sem hefur alþjóðlegt mikilvægi vegna fjölda varpfugla. Í kafla 11 um umhverfispætti og áherslur í greinargerð vantar flokkun Náttúrufræðistofnunar á svæðinu sem mikilvægt fuglasvæði undir viðmið. Mófuglar á borð við spóa, hrossagauk, lóupræl og fleiri tegundir, sem nýta opið mólendi og mosa- og grasgróið land, eru viðkvæmir fyrir truflun og umsvifum manna sem veldur búsvæðarýrnun.

Gróðurfar á svæðinu einkennist af túnum og mosa- og grasgrónum móa. Slíkar vistgerðir eru bæði viðkvæmar fyrir raski og hafa mikilvægt hlutverk sem búsvæði fugla.

Samkvæmt rannsóknum Náttúrufræðistofnunar og annarra hefur fjöldi mófugla á láglendi Íslands, sér í lagi á Suðurlandi, farið minnkandi á síðustu áratugum.² Þessi þróun tengist meðal annars minnkun í mýrlendi, breytingum á landnotkun, vaxandi byggð og aukinni röskun búsvæða, sem hafa dregið úr aðgengi fugla að hentugu varplandi og fæðuöflunarsvæðum.³

Að mati Náttúruverndarstofnunar ber sveitarfélaginu að bregðast markvisst við þeirri þróun sem sýnir fækkun mófugla á láglendi. Mikilvægt er að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu í aðalskipulagi um vernd og endurheimt búsvæða þeirra, m.a. með afmörkun svæða þar sem byggð og landnotkun verði takmörkuð í þágu verndar. Slík stefna samræmist 22. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um náttúru og líffræðilega fjölbreytni í skipulagsáætlunum.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að framkvæmdin verði utan varptíma fugla og að áhrif á fuglalíf og gróðurfar verði metin nánar, með tilliti til verndar búsvæða og vistgerða.

Bakkagróður

Í greinargerð kemur ekki fram hvort fyrirhugað framkvæmdasvæði snerti beint vatnsfarvegi, en tekið skal fram að svæðið liggur að Tungufljóti. Að mati Náttúruverndarstofnunar ber sérstaklega að gæta að bakkagróðri í slíkum tilvikum, enda gegnir hann mikilvægu hlutverki í vistkerfum. Bakkagróður getur verið búsvæði fjölmargra tegunda plantna og dýra.

Samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal ekki raska gróðri meðfram ám, lækjum og öðrum vatnsfarvegum. Þar kemur jafnframt fram að vernda skuli bakkagróður og lífríki hans og að gæta sérstaklega varúðar við framkvæmdir í grennd við slíka farvegi.

Náttúruverndarstofnun telur því brýnt að fram fari nánari greining á því hvort framkvæmdir eða mannvirki geti haft áhrif á bakkagróður eða stuðlað að rofi eða röskun í nágrenni Tungufljóts.

¹ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/sudurlandsundirlendi>

² <https://www.tandfonline.com/doi/epdf/10.1080/00063657.2025.2450394?needAccess=true>

³ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

Landslag og ásýnd

Samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við ákvarðanir um skipulag og framkvæmdir taka tillit til landslagsheilda og ásýndar, og tryggja að ásýnd lands rýrni ekki að óþörfu. Því er mikilvægt að ný mannvirki falli sem best að landslagi og að röskun á yfirborði og gróðri verði lágmörkuð með mótvægisaðgerðum.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að lóðir og vegir verði staðsettir með hliðsjón af landhalla og gróðurfari.

Fráveita og vatnafar

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að tryggja að fráveita valdi hvorki mengun né röskun á grunnvatni, lífríki, votlendi eða gróðri í grennd við vatnsfarveg.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur